

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 107/2018

2020/EES/71/05

frá 31. maí 2018

**um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir,
staðlar, prófanir og vottun)**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/133 frá 24. janúar 2018 um breytingu á ákvörðun 2008/911/EB um að taka saman skrá yfir jurtaefni, fullbúin jurtalyf og samsetningar þeirra til notkunar í jurtalyf sem hefð er fyrir ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 38, 10.2.2018, bls. 42.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við lið 15zl (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/911/EB) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„— **32018 D 0133:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/133 frá 24. janúar 2018 (Stjtið. ESB L 22, 26.1.2018, bls. 36), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 38, 10.2.2018, bls. 42.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar (ESB) 2018/133, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 38, 10.2.2018, bls. 42, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2018, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 31. maí 2018.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 22, 26.1. 2018, bls. 36.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.